

7
20.
jan. vald frá hinu framkvæmandi, eða láta hinn setta embættismann vera undan þeginu nokkrum af þeim skyldum, er samkvæmt löggjöfinni og rjettarvenjunni hjer á landi fylgja lög-reglustjóraembættum, enda verður ekki sjeð, að orð löggildinganna gefi tilefni til að halda þetta, þar sem sagt er undantekningarlaust, að hinn setti embættismaður eigi að gegna störfum þeim viðvikjandi upprætingu fjárkláðans, sem hlutaðeigandi sýslumenn annars ættu að hafa á hendi, og störf þessi vafalaust meðal annars eru innifalin í því, að höfða og dæma opinber lögreglumál gegn þeim, sem verða sekir í hirðuleysi um framkvæmd á ráðstöfunum þeim, sem skipaðar verða.

Það er loksins hvorttveggja, að jeg samkvæmt brjefum herra amtmannsins frá 7. sept. og 11. oktbr. f. á. varð að halda, að sýslumenn í hjeruðum þeim, sem spurning er um, væru því meðmæltir að verða með öllu undanþegnir störfum viðvikjandi fjárkláðan-um, enda gátu löggildingarnar ekki breytt í neinu varnarþingum sýslubúa, því með þeim hefir ekki verið skipað neitt *commissorium*, sem gæti heimilað að fara með málin eptir öðrum reglum eða á öðrum þingum, en þeim sem almennt gilda. Lögreglustjórinn hefir samkvæmt þeim að eins vald til að dæma mál þau, sem hann er settur lögreglustjóri í, á reglulegum lögregluþingum lögsagnarumdæma þeirra, sem spurning er um.

Skyldi eptir þessar *authentisku* skýringar enn geta verið nokkur vafi um, hvað langt löggildingar þær ná, sem veittar hafa verið *secretair* Jóni Jónssyni 9. septbr. og 13. okt. f. á. til að gegna þeim störfum viðvikjandi upprætingu fjárkláðans, sem hlutaðeigandi sýslumenn annars ættu að hafa á hendi, veitist honum hjer með löggilding til sem dóm-ara að fara með og dæma á reglulegum lögregluþingum öll þau opinber lögreglumál, sem á tímabili því og í þinghám þeim, er löggildingarnar geta um, kynnu að verða höfðuð út af ráðstöfunum yfirvaldsins til upprætingar fjárkláðans.

Auglýsing

um

8
14.
febr. staðfestingu á póstmálasamþykkt þeirri, er gjörð var á alls-herjarfundi í Bern 9. okt. 1874¹.

Hinn 13. d. marzmán. 1875 hefir Hans Hátign Konunginum allramildilegast þóknast að staðfesta eptirfarandi samning, er fulltrúar ríkja þeirra, er hlut áttu í póstmálafundinum í Bern, hafa ritað undir.

S a m n i n g u r

um

allsherjar-póstmálasamband

milli

Þýskalands, Austurríkis og Ungverjalands, Belgíu, Danmerkur, Egiptalands, Spánar, Bandaríkjana í Vesturheimi, Frakklands, Bretlands hins mikla, Grikklands, Ítalíu, Luxemborgar, Noregs, Hollands, Portúgals, Rúmeníu, Rússlands, Serbíu, Svíþjóðar, Svisslands og Tyrkjaveldis.

Undirritaðir fulltrúar stjórnandanna í framannefndum löndum hafa fallizt á eptir

¹) Um sambandsburðargjald það, sem ákveðið er fyrir Danmörk og Ísland, sjá brjef laudshöfðingja frá 23. júní 1875 (Stjórnartíð. B. 50. bls. bls. 43.—44.

farandi samþykkt, er þeir hafa komið sjer saman um, að áskilinni staðfestingu (hlut-
aðeigandi stjórnaná).

8
14.
febr.

1. grein.

Lönd þau, er að samningi þessum standa, skulu vera eitt póstumdæmi, (stofnað) til þess
að skiptast á póstsendingum milli pósthúsa þeirra, og skal fjelag það heita allsherjar-
póstmalasamband (*Union générale des postes*).

2. grein.

Fyrirmæli þessa samnings skulu ná yfir sendibrjef, spjaldbrjef, bækur, blöð
og annað prentað mál, sýnishorn af varningi og snið og viðskiptaskjöl, úr einu landi í
annað í sambandinu. Þau skulu og eiga við, er framantaldir hlutir eru sendir milli pósthúsa
í löndum innan sambandsins og löndum utan sambandsins, ef sendingin fer að
minnsta kosti um lönd tveggja ríkja þeirra, er að samningi þessum standa.

3. grein.

Hinn almenni burðareyrir sambandsins á að vera 25 sentímur¹ (*centimes*) undir ein-
falt sendibrjef, er fullborgað sje undir fyrir fram.

Þó er, meðan breytingin er að komast í kring, hverju landi áskilin heimild til að
taka hærri eða lægri burðareyri en þetta, ef svo þykir henta sökum peningareiknings þar
eða af öðrum rökum, þó ekki meira en 32 sentímur, og ekki minna en 20 sentímur.

Einfalt er hvert það brjef talið, er ekki vegur meira en 15 grömm² (*grammes*). Burðareyri
undir þyngri brjef skal vera einfalt burðargjald fyrir hver 15 grömm eða þaðan af minna.

Burðareyrir brjefa, sem ekki er fullborgað undir fyrirfram, skal vera tvöfaldur á við
burðareyri fullborgaðra brjefa í því landi, er brjefið á að fara til.

Spjaldbrjef skal jafnan fullborga undir fyrirfram. Burðareyrir þeirra á að vera helm-
ingur á við burðareyri brjefa, er fullborgað er undir fyrirfram, þó þannig, að gjöra má
brot að heilum.

Hve nær sem póstsendingar eru fluttar sjóveg meira en 300 sæmilur (*milles marins*),
innan endimarka sambandsins, má bæta aukagjaldi ofan á hinn reglulega burðareyri; en
ekki má aukagjald þetta fara fram úr helmingi hins almenna burðareyris sambandsins
undir brjef, sem fullborgað er undir fyrir fram.

4. grein.

Hinn almenni burðareyrir undir viðskiptaskjöl, sýnishorn af varningi og snið, blöð,
heptar eða bundnar bækur, bæklinga, söngnótur, nafnseðla, skrár (letraðar), boðsbrjef, aug-
lýsingar og annað prentað mál ýmiss konar, eða stungið eða steinletrað eða rithandarletr-
að, svo og ljósmyndir, skal vera 7 sentímur fyrir hverja einfalda póstsendingu.

Þó er hverju landi áskilin heimild til, meðan breytingin er að komast í kring, að
taka hærri eða lægri burðareyri en þetta, ef svo þykir henta sakir peningareiknings þar
eða af öðrum rökum, þó ekki meira en 11 sentímur, og ekki minna en 5 sentímur.

Einföld póstsending er hver sú sending talin, er ekki er þyngri en 50 grömm.
Burðareyrir nndir þyngri sendingar skal vera einfalt burðargjald fyrir hver 50 grömm eða
þaðan af minna.

Hvenær sem þessar póstsendingar eru sendar sjóveg meira en 300 sæmilur innan

1) Sentíma er $\frac{1}{100}$ úr franka, en franki er nál. 70 aurnm í vorum peningum og, verður því sen-
tíma = $\frac{7}{10}$ eyris.

2) Gramm er $\frac{1}{500}$ úr pundi $\frac{1}{250}$ úr mörk, eða $\frac{1}{5}$ úr kvint.

3) *Mille marin* er 5910.2 fet eða tæpur fjórðungur laudmílu eða $\frac{1}{20}$ úr þingmannaleið.

S endimarka sambandsins, má bæta aukagjaldi ofan á hinn reglulega burðareyri; þó má aukagjald þetta ekki fara fram úr helming hins almenna sambandsburðareyris fyrir þess konar hluti.

14.
febr.

Ekki má nein sending af frammanfendum hlutum vera þyngri en 250 grömm, ef það eru sýnishorn af varningi eða snið, en 1000 grömm af öllu hinu.

Nú er ófullnægt lögum þeim, tilskipunum og fyrirætlum, er tiltaka skildaga fyrir birtingu og útbýtingu einhverra þeirra hluta, er nefndir eru í þessari grein, og skal stjórn hvers lands í sambandinu þá heimilt að láta slíka hluti óflutta og þeim óútbýtt um sína landareign.

5. grein.

Hluti þá, er nefndir eru í 2. grein, má senda með fyrirgreiðslubón.

Sjerhverja sending með fyrirgreiðslubón (ábyrgðarsending) skal fullborga undir fyrir fram.

Burðareyri undir sendingar með fyrirgreiðslubón er hinn sami og undir sendingar, sem engin fyrirgreiðslubón stendur á.

Borgunin undir fyrirgreiðslubónina og fyrir viðtökuskirteini má ekki fara fram úr þeirri borgun, er tekin er við póstaðgreiðslu innanlands þar, sem sendingin er upp runnin.

Nú glatast póstsending, sem fyrirgreiðslubón er rituð á, með öðrum hætti en af völdum náttúrunnar eða þess konar, og skal þá greiða þeim, er sent hefir, eða, ef sá óskar þess, þeim, er sendingin á að fara til, 50 franka í skaðabætur. Fje þetta greiðir sú pósthjórn, er land það liggur undir, er hluturinn hefir glatazt í, eða sem ræður fyrir sjóvegsþósthferð þeirri, er það hefir að horið á, það er að skilja: pósthjórnin þar, er menn vita síðast til hlutarins, nema svo sje, að pósthjórn sú hafi að landslögum enga ábyrgð á, þótt póstsendingar innanlands, sem fyrirgreiðslubón stendur á, glatist.

Skaðabætur þessar skulu greiðast svo fljótt, sem auðið er, og eigi síðar en að ári liðnu frá þeim degi, er þeirra er krafzt.

Fyrnt er yfir hverja skaðabótakröfu, ef hún er eigi hafin á 1 árs fresti, frá því er pósthjórninni var fengin sendingin með fyrirgreiðslubóninni á.

6. grein.

Ekki verður borgað undir sendingar fyrir fram öðruvísi en með pósthmerkjum eða pósthmerkja-umslögum, þeim er gilda þar, sem sendingin er upp runnin.

Blöð og annað prentað mál, sem óborgað er undir fyrir fram eða ekki fullborgað, verður látið óflutt. Sje óborgað eða ekki fullborgað fyrir fram undir aðrar pósthsendingar, skal reikna sama burðareyri fyrir þær og sendibrjef, sem ekki er borgað undir fyrir fram, þó að frá dregnu gildi pósthmerkja-umslaga þeirra eða pósthmerkja, er höfð hafa verið á sendingunni.

7. grein.

Ekki verður tekið neitt aukaburðargjald fyrir enduraðgreiðslu pósthsendinga innan endimarka sambandsins.

Því að eins, að svo beri undir, að innlend pósthsending úr einu sambandslandinu eigi sakir enduraðgreiðslu að komast í hendur einhvers annars lands í sambandinu, bætir pósthjórnin þar, sem sendingin á að lenda, við burðareyri sínum innanlands.

8. grein.

Embættisbrjef um pósthmálefni eru undanþegin burðargjaldi. Að þessu einu frá teknu er ekki veitt nein undanþága frá burðargjaldi nje linun í því.

9. grein.

Sjerhver stjórn heldur fje því óskerðu, er hún hefir heimt samkvæmt framanrituðum greinum, 3., 4., 5., 6. og 7. gr. Fyrir því á engin póststjórnin í sambandinu neinn viðskiptareikning út af því við nokkra aðra póststjórn innan endimarka þess.

Á brjef og aðrar póstsendingar verður eigi lagður neinn annar burðareyrir eða gjald frá þeim, sem brjefið er frá eða það er til, en gjöld þau, sem til tekin eru í framanrituðum greinum, hvorki í því landi, sem brjefið er upp runnið, nje þar sem það á að lenda.

10. grein.

Full heimild er til að senda póstsendingar yfir hvert ríki innan endimarka sambandsins.

Fyrir því skal með öllu frjálst að skiptast á póstsendingum, svo að hverri póststjórn innan endimarka sambandsins er heimilt að senda annari póstsendingar, er flytjast eiga yfir um lönd þau, er á milli liggja, hvort heldur er í læstum póstsekkjum, eða í ólæstum umbúðum, eptir því sem bezt þykir henta og póststjórnunum er haganlegast.

Læsta póstsekki og ólæstar póstsendingar skal jafnan senda hina greiðustu leið, er póststjórnirnar eiga kost á.

Sjeu fleiri leiðir jafngreiðar, getur póststjórn sú, er afgreiðir sendinguna, kosið um, hverja leiðina helzt skuli koma henni.

Í læstum póstsekkjum skal senda brjef og aðrar póstsendingar, ef þær eru svo margar, að valdi mikilli verkatöf á pósthúsi því, er sendingarnar skal endurafgreiða, að því er hlutaðeigandi póststjórn skýrir frá.

Pósthús það, er afgreiðir brjef eða sendingu, sem á að fara yfir um annað land, skal greiða póststjórn þess lands í þóknun 2 franka fyrir hvert kílógramm¹ brjefa og 25 sentímur fyrir hvert kílógramm póstsendinga þeirra, er nefndar eru í 4. grein, að frátöldum umbúðum (póststjórnarinnar), hvort sem sent er í læstum póstsekkjum eða í ólæstum umbúðum.

Þóknun þessa má færa upp í 4 franka fyrir brjef, og 50 sentímur fyrir sendingar þær, sem nefndar eru í 4. grein, ef leiðin yfir land það, er sendingin á að komast yfir um, er meira en 750 kílómetrar², og það liggur undir eina og sömu póststjórn.

Þó er svo um samið, að hvervetna þar, sem nú er ekkert tekið fyrir flutning póstsendinga yfir um eitthvert land, eða þóknunin fyrir hann er minni, skal standa við sama um það eptirleiðis.

Nú er póstsendingum komið sjóveg yfir um landhelgi einhvers ríkis meira en 300 sæmilur, innan endimarka sambandsins, og skal þá póststjórn sú, er komið hefir á þeirri sjóvegspóstferð, eiga heimtingu á endurgjaldi fyrir kostnaðinn af þeim flutningi.

Þeir, sem í sambandinu eru, skuldbinda sig til að láta þennan kostnað verða svo lítinn, sem unnt er. Þóknunin, er póststjórn sú, er annast sjóvegsflutninginn, má krefjast hjá póststjórn þeirri, er sendingunni kemur af stað, má ekki fara fram úr 6 frönkum og 50 sentímum fyrir hvert kílógramm brjefa, og 50 sentímum fyrir hvert kílógramm sendinga þeirra, er til greindar eru í 4. grein, að frádrögnum umbúðum (póststjórnarinnar).

Aldrei má kostnaður þessi fara fram úr því, sem nú er greitt í þóknun (í sama skyni). Fyrir því skal ekki greiða neina þóknun fyrir flutninga sjóvegspóstleiðir þær, er nú er ekki goldið neitt fyrir.

Til þess að til taka þyngd póstsendinga þeirra, er fara eiga yfir um eitthvert

1) Kílógramm (þ. e. 1000 grömm) er 2 pund eða 4 merkur.

2) Kílómeter (þ. e. 1000 metrar) er 3186 fet eða rúmlega $\frac{1}{3}$ úr mílu, $\frac{1}{40}$ úr þingmannaleið, hver meter hjer um bil $3\frac{1}{3}$ fet.

Hinn 6. marz 1876,

8 land, hvort heldur þær eru í læstum póstsekkjum eða í ólæstum umbúðum, skal semja
14. febr. skýrslu um slíkar sendingar um hvern hálfan mánuð, á þeim tímum, er til mun tekið
eptir samkomulagi. Við þessar skýrslur skal síðan miða reikninga þá, er póststjórnirnar
gjöra hver annari, þangað til gjörð er endurskoðun.

Hver póststjórn getur krafizt endurskoðunar:

1. Þegar töluverð breyting verður á leið þeirri, er póstsendingarnar eiga að fara.
2. Þegar ár er liðið frá því, er áður nefndar skýrslur hafa síðast verið samdar.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til Indlandspóstferða, og eigi til póstflutninga
yfir um Bandaríkin í Vesturheimi, á járnbrautinni milli New York og San Francisco. Um
þessa póstflutninga skulu hlutaðeigandi póststjórnir semja sjer í lagi eptir sem áður.

11. grein.

Viðskiptum sambandslandanna og landa utan sambandsins ráða samningar þeir,
er lönd þegar hafa gjört eða gjöra sín á milli hvert út af fyrir sig.

Burðargjald það, er taka skal fyrir póstflutning út fyrir endimörk sambandsins,
verður til tekið í þessum samningum; skal þá bæta því við burðareyri sambandsins.

Samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 9. grein, skal skipta sambandsburðargjaldinu
svo sem nú skal greina:

1. Póststjórn sú í sambandinu, er kemur póstsendingu af stað, sem fullborgað
er undir fyrir fram, og fara á til einhvers lands utan endimarka sambandsins, heldur öll-
um sambandsburðareyrinum fyrir þá póstsendingu.

2. Póststjórn sú í sambandinu, er tekur við póstsendingum frá löndum utan
endimarka sambandsins, sem ekki hefir verið fullborgað undir fyrir fram, heldur öllum
sambandsburðareyrinum fyrir þá póstsendingu.

3. Póststjórn sú í sambandinu, er skiptist á lokuðum póstsekkjum við lönd ut-
an endimarka sambandsins, heldur öllum sambandsburðareyrinum fyrir sendingar frá lönd-
um utan sambandsins, sem fullborgað er undir fyrir fram, svo og fyrir sendingar til landa
utan sambandsins, sem ekki hefir verið fullborgað undir fyrir fram.

Þar sem svo stendur á, sem getur um í 1., 2. og 3. tölulíð, á póststjórn sú, er
sendir póstsekkina eða tekur við þeim, enga heimtingu á neinni þóknun fyrir flutning
yfir um póstumdæmi hennar. Að öðrum kosti greiðist kostnaðurinn af slíkum flutningi
eptir fyrir mælum 10. greinar.

12. grein.

Um það, hvernig koma skuli brjefum með tilgreindu fjárvirði í, svo og póstávísunum,
skulu sambandslöndin semja nánara hvort við annað sjer í lagi eða þá mörg saman.

13. grein.

Póststjórnirnar í löndum þeim, sem eru í sambandinu, mega eptir samkomulagi sín
á milli setja í reglugjörð allar hinar nánari reglur, sem á þarf að halda til þess að fram-
gengt verði fyrir mælum samnings þessa. Er svo um samið, að fyrir mælum þeirrar reglu-
gjörðar megi jafnan breyta, eptir því, sem póststjórnirnar í sambandinu koma sjer saman um.

Póststjórnirnar geta samið sín á milli eptir þörfum um það, sem ekki snertir
sambandið í heild þess, svo sem um landamerki milli þeirra, um landamærageira með
lækkuðum burðareyri, með hvaða skilyrðum skiptast megi á póstávísunum og brjefum með
tilteknu fjárvirði í, o. s. frv.

14. grein.

Fyrirmælum þessa samnings fylgir engin breyting á póstmálalögum hvers ríkis
innanlands, og ekkert hapt á rjett þeirra, sem að samningum standa, til að halda við

samningum og gjöra samninga til þess að bæta sem mest pósthviðskipti sín á milli, svo og til að halda við smærri fjelögum í því skyni, eða stofna slík fjelög.

8
14. febr.

15. grein.

Stofna skal eina aðalskrifstofu, er nefnist Þjóðviðskiptaskrifstofa hins almenna póstmálasambands (*Bureau international de l'Union générale des postes*) og liggja skal undir yfirumsjón þeirrar póstmálastjórnar, er allsherjarfundurinn setur til þess; kostnaðinn til hennar greiða allar pósthviðskiptastjórnir ríkja þeirra, er að samningnum standa.

Ætlunarverk skrifstofu þessarar skal vera að safna öllum skýrslum, er snerta pósthviðskipti þjóða á milli, birta þær og útbýta þeim; að kveða upp álit um þrætumál, ef hlutaðeigandi málsparatar óska þess; að undirbúa meðferð bænarskjala um breytingar á reglugjörðinni um, hvornig framkvæma skuli fyrirmæli samnings þessa; að kunngjöra breytingar þær, er á hefir verið fallizt; að greiða fyrir pósthreikingaviðskiptum þjóða á milli, einkum þeim, sem getið er í 10. grein hjer að framan; og, yfir höfuð að tala, að taka að sjer þær rannsóknir og þau störf, er henni kynni að verða á hendur falin fyrir póstmálasambandið.

16. grein.

Nú ber svo við, að tvo eða fleiri meðal þeirra, sem í sambandinu eru, greinir á um þýðingu samnings þessa, og skal þá skorðið úr þrætunni með gerð; í gerð þá skal hver af pósthviðskiptastjórnnum þeim, er hlut eiga að máli, kjósa einhverja aðra stjórn í sambandinu, sem ekki er við málið riðin.

Gerðinni skal upp lokið eptir atkvæðafjölda.

Nú eru atkvæði jöfn, og skulu þá gerðarmenn kjósa aðra stjórn, er einnig sje óviðriðin málið, til að skera úr ágreiningnum.

17. grein.

Löndum þeim «fyrir handan haf», sem ekki eru enn komin í sambandið, skal gefinn kostur á að ganga í það, með þessum skilmálum.

1. Þau skulu bera sig fram við þá pósthviðskiptastjórn, er ræður yfir þjóðviðskiptaskrifstofu sambandsins.

2. Þau skulu ganga undir það, sem fyrir er mælt í sambandssamþykktinni, þó að áskildu nánara samkomulagi að því er snertir kostnað af sjóvegsflutningum.

3. Ekki geta þau komizt í sambandið, nema að undangengnu samkomulagi milli pósthviðskiptastjórnna þeirra, sem hafa gjört við þau pósthviðskiptastjórnir, eða eiga bein viðskipti við þau.

4. Til þess að koma á þessu samkomulagi, skal forustu-pósthviðskiptastjórnin, ef til þess kemur, kveðja til fundar með hlutaðeigandi pósthviðskiptastjórnnum og pósthviðskiptastjórn þeirri, er komast vill í sambandið.

5. Þegar samkomulagi er á komið, lætur forustu-pósthviðskiptastjórnin alla, sem í allsherjar-póstmálasambandinu eru, vita það.

6. Komi engin mótmæli fram á sex vikna fresti frá dagsetningu þessarar tilkynningar, skal svo virt, sem inngangan í sambandið sje fullkomnuð, og skal forustu-pósthviðskiptastjórnin senda pósthviðskiptastjórn þeirri, er í fjelagið gengur, tilkynningu um það. Að pósthviðskiptastjórnin sje algengin í sambandið, skal staðfest með stjórnarskjali milli ríkisstjórnar forustu-pósthviðskiptastjórnarinnar og ríkisstjórnarinnar yfir pósthviðskiptastjórn þeirri, er í sambandið gengur.

18. grein.

Þriðja hvert ár að minnsta kosti skulu fulltrúar frá löndum þeim, er að samning þessum standa, eiga fund með sjer til þess að fullkomna skipulag það, er á hefir kom-

S izt með fjelaginu, að koma á endurbótum þeim, er þörf þykir á, og að ræða með sjer 14. febr. málefni fjelagsins.

Hvert land á eitt atkvæði.

Hvert land má hafa einn eða fleiri fulltrúa fyrir sig, og eins nota fulltrúa einhvers annars lands. Þó er svo um samið, að ekki megi fulltrúi neins lands taka að sjer að vera fyrir fleiri en tvö lönd, að því landi meðtöldu, er hann er fulltrúi fyrir.

Næsti fundur á að verða í París 1877.

Þó skal halda þennan fund fyr, ef að minnsta kosti þriðjungur þeirra, sem í sambandinu eru, óskar þess.

19. grein.

Samningur þessi öðlast gildi 1. júlí 1875.

Hann er gjörður fyrir þriggja ára tímabil frá þeim degi. Að þeim tíma liðnum skal svo virt, sem hann skuli standa upp frá því um ótítekinn tíma, en þá er hverjum þeirra, er að samningnum standa, heimilt að ganga úr sambandinu, ef hann hefir látið vita það ári á undan.

20. grein.

Frá þeim degi, er samningur þessi öðlast gildi, eru öll fyrirmæli sjerstakra samninga, er gjörðir hafa verið milli ýmsra landa og póststjórna, úr lögum numin, að svo miklu leyti sem þau koma ekki heim við það, sem fyrir er mælt í þessum samningi, og að óskerðu því, sem segir í 14. grein.

Samning þennan skal staðfesta svo fljótt sem unnt er, ekki síðar en þrem mánuðum fyrir þann dag, er hann á að öðlast gildi. Staðfestingarskjölunum skal skiptast á í Bern.

Þessu til sönnunar hafa fulltrúar stjórnandanna í framantöldum löndum ritað undir samninginn í Bern 9. okt. 1874.

POUR L'ALLEMAGNE: POUR L'AUTRICHE: POUR LA HONGRIE:
STEPHAN GÜNTHER. LE BARON DE KOLBENSTEINER. PILHAL. M. GERVAY. P. HIEM.

POUR LA BELGIQUE: POUR LE DANEMARK: POUR L'EGYPTE:
FASSIAUX. VINCHENT. J. GIFE. FENGER. MUZZI-BEY.

POUR L'ESPAGNE: POUR LES ETATS-UNIS D'AMERIQUE:
ANGEL MANSI. EMILIO-C. DE NAVASQÜES. JOSEPH H. BLACKFAN.

POUR LA FRANCE: POUR LA GRANDE-BRETAGNE: POUR LA GRÈCE:
W. J. PAGE. A. MANSOLAS. A.H.BÉTANT.

POUR L'ITALIE: POUR LE LUXEMBOURG: POUR LA NORVÈGE:
TANTESIO. V. DE ROEBE. C. OPPEN.

POUR LES PAYS-BAS: POUR LE PORTUGAL:
HOFSTEDE. B. SWEERTS DE LANDAS-WYBORGH. EDUARDO LESSA.

POUR LA ROUMANIE: POUR LA RUSSIE:
GEORGE F. LAHOVARI. BARON VELHO. GEORGES POGGENPOHL.

POUR LA SERBIE: POUR LA SUEDE:
MLADEN Z. RADOJKOVITCH. W. ROOS.

POUR LA SUISSE: POUR LA TURQUIE:
EUGÈNE BOREL. NAEFF. DR. J. HEER. YANCO MACRIDI.

Fundarlokaskrá.

S
14. febr.

Undirskriðir fulltrúar stjórnandanna í löndum þeim, sem í dag hafa ritað undir samning um allsherjar-póstmálasamband, hafa komið sjer saman um það, sem nú skal greina:

Fari svo, að Frakkastjórn, er hefir áskilið sjer, að fundarbókin megi standa opin handa sjer, og sem fyrir því er talin með þeim, er að samningnum standa, þótt hún hafi ekki gengið að honum enn, taki það ráð að rita ekki undir hann, skal samningur þessi samt sem áður vera fullnaðarsamþykkt, og honum fylgja skuidbinding á hendur öllum þeim, er að honum standa, og fulltrúar hafa í dag ritað undir hann fyrir.

Þessu til sönnunar hafa frammanefndir fulltrúar ritað þessa fundarlokaskrá, er skal hafa sama afl og sama gildi, og þótt fyrir mæli þau, er hún hefir að geyma, hefðu sett verið í sjálfan samninginn, og hafa þeir ritað undir eitt exemplar af henni, sem geyma skal í skjalasafni sambandsstjórnarinnar í Sviss, og senda hverjum þeim, er að samningnum standa, eptirrit af henni.

Bern, 9. okt. 1874.

(Undirskriptirnar).

Fundarskrá sú, er rituð var þá er skipzt var á staðfestingarskjölunum, var þannig hljóðandi:

Eptir að fresturinn til að skiptast á staðfestingarskjölunum hefir verið lengdur, eptir samkomulagi allra hlutaðeigenda, eru undirritaðir fulltrúar stjórnandanna í löndum þeim, er 9. okt. 1874 hafa í Bern gjört samning um allsherjar-póstmálasamband, komnir saman í dag í Bern til þess að skiptast á staðfestingarskránum að nefndum samningi.

Fulltrúi hinnar frakknesku stjórnar, d'Harcourt greifi, ljet upp kveðið, að Frakkland gangi að samningnum, ef þjóðþingið gjaldi jákvæði við því, og með þessum skilyrðum og varnögglum:

1. Þessi samþykkt getur ekki öðlazzt gildi að því er Frakkland snertir fyr en 1. janúar 1876.
2. Þóknun þá, er greiða skal fyrir yfirflutning póstsendinga landveg, skal miða við vegalengd þá, er í raun og veru hefir farin verið (með póstsendinguna).
3. Ekki má breyta gjöldum þeim, sem til eru tekin í samningnum 9. oktbr. 1874, nema með samhljóða atkvæðum sambandslanda þeirra, er fulltrúa áttu á fundinum. Samkvæmt umbodi því, er undirrituðum fulltrúum hefir verið til þess fengið sjer í lagi, og þeir hafa tjáð hver öðrum frá, hafa þeir lýst yfir því, hver í nafni sinnar stjórnar, að þeir samþykki skilyrði þau og varnagla, sem getið er að framan við 1. og 3. tölulið.

Skilyrði það, er getið er við 2. tölulið, er einnig samþykkt, orðað svo sem nú skal greina, eptir því sem Rússastjórn hefir stungið upp á, og d'Harcourt greifi hefir hallazzt að:

2. Þóknun þá, er greiða skal fyrir yfirflutning póstsendinga landveg, skal miða við vegalengd þá, er í raun og veru hefir farin verið, en hafa gjaldið jafnhátt og til var tekið í samningnum um stofnun allsherjar póstmálasambandsins.

Að aflöknum þessum forspjöllum var samningur sá, sem gjörður var í Bern 9. okt. 1874, fullkomnaður með undirskript hins frakkneska fulltrúa, og frumrit af honum,

8 með undirskript allra hlutaðeiganda, fengið á sama fundi fulltrúum sjerhvers af þeim 22 14. febr. löndum, er í sambandinu eru.

Þá var tekið til að skoða staðfestingarskjölin. Reyndust staðfestingarskjölin fyrir öll þau lönd, er látið höfðu fulltrúa sína rita undir samninginn í Bern 9. okt. 1874, en það voru Þýskalaland, Austurriki og Ungverjaland, Belgía, Danmörk, Egíptaland, Spánn, Bandaríkin í Vesturheimi, Bretland hið mikla, Grikkland, Ítalía, Luxemburg, Holland, Portúgal, Rúmenía, Rússland, Serbía, Svíþjóð og Noregur, Sviss, og Tyrkjaveldi, í góðu lagi og eins og þau áttu að vera, og munu þau verða geymd í skjalasafni hins svissneska sambands, eptir því sem allir hinir háu ríkisstjórnendur, er samninginn hafa gjört, hafa komið sjer saman um.

Að því er snertir staðfestingarskjal Frakklands, er eigi verður afhent fyr en fengið er jákvæði þjóðþingsins við samningnum, hefir svo verið um samið eptir almennu samkomulagi, að hið svissneska sambandsráð veiti skjali þessu viðtöku, og mun það láta aðra hlutaðeigendur að samningnum vita, er því er skilað.

Þessu til staðfestingar hafa undirskrifaðir samið þessa fundarskrá og ritað nöfn sín undir hana.

Ritað í Bern, 3. maí 1875, í 21 exemplari, og skal eitt þeirra geymast í skjalasafni hinnar svissnesku sambandsstjórnar og fylgja staðfestingarskránum.

(Undirskriptirnar).

Og er þetta hjer með gjört heyrum kunnugt, samkvæmt auglýsingu innanríkisstjórnarinnar frá 17. júní f. á.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 14. febrúar 1876.

Hilmar Finsen

Jón Jónsson.

9
10. febr.

Verðlagsskrá
sem gildir í

Austur- og Vestur-Skaptafellssýslu, frá miðju maímánaðar 1876 til sama tíma 1877.

| | | í peningum. | | Hundrað á | | Alín. |
|-------------------------------|---|-------------|------|-----------|------|-------|
| | | Kr. | Aur. | Kr. | Aur. | Aur. |
| <i>A. Friður peningur:</i> | | | | | | |
| 1. | 1 ^o 1 kúr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðar loka, í fardögum à | 77 | 40 | 77 | 40 | 65 |
| 2. | — 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lemdar, í fardögum hver á | 9 | 16 | 54 | 96 | 46 |
| 3. | — 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti | 10 | 54 | 63 | 24 | 53 |
| 4. | — 8 — tvævetrir | 7 | 85 | 62 | 80 | 52 |
| 5. | — 12 — veturgamlir | 5 | 95 | 71 | 40 | 60 |
| 6. | — 8 ær geldar | 7 | 64 | 61 | 12 | 51 |
| 7. | — 10 — mylkar | 5 | 59 | 55 | 90 | 47 |
| 8. | — 1 áburðarhestur, tamiinn, 5 til 12 vetra í fardögum | 56 | 72 | 56 | 72 | 47 |
| 9. | — 1 ¹ / ₃ hryssu, á sama aldri hver - | 41 | 3 | 54 | 71 | 46 |
| <i>B. Ull, smjör og tólg:</i> | | | | | | |
| 10. | 1 ^o 120 ₰ af hvítri ullu, vel þveginni pundið à | » | 90 | 108 | » | 90 |
| 11. | — 120 - - mislitrí ullu, vel þveginni — - | » | 62 | 74 | 40 | 62 |